



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**BA-ritgerð
í íslensku sem öðru máli**

„Mér tjáir ekki að dylja þig, álfamærin blekkti mig“

Um ástarsambönd álfa og manna og hlutverk álfasagna í
íslenskum þjóðsögum

Magdalena Katarzyna Filimonow

Leiðbeinandi: Kolfinna Jónatansdóttir, aðjúnt
Maí 2022

Íslensku- og menningardeild

„Mér tjáir ekki að dylja þig, álfamærin blekkti mig“

Um ástarsambönd álfa og manna og hlutverk álfasagna í
íslenskum þjóðsögum

Magdalena Katarzyna Filimonow
051093-3569

Lokaverkefni til BA-prófs í íslensku sem öðru máli
Leiðbeinandi: Kolfinna Jónatansdóttir, aðjúnkt

Íslensku- og menningardeild
Hugvísindasvið Háskóla Íslands
Maí 2022

„Mér tjáir ekki að dylja þig, álfamærin blekkti mig“ Um ástarsambönd álfa og manna og hlutverk álfasagna í íslenskum þjóðsögum

Ritgerð þessi er 10.0 eininga lokaverkefni til BA-prófs við Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Magdalena Katarzyna Filimonow, 2022

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar

Ágrip

Þessi ritgerð er lögð fram til BA-prófs í íslensku sem öðru máli frá Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Í ritgerðinni verða skoðaðar álfasagnir í safni Jóns Árnasonar með sérstaka áherslu á sagnir um ástir álfa og manna. Ástarsögur frá sjónarhóli kvenna og karla verða bornar saman. Auk þess verður rannsakað hlutverk sagna um samskipti álfa og manna í gömlu sveitasamfélagi og leitast við að finna hvaða viðhorf samfélagið hafði til hefðbundinnar ímyndar kvenna. Ennfremur verður sagt frá hlutverki álfasagna út frá kenningum bandaríska þjóðfræðingsins William Bascoms.

Helstu niðurstöður ritgerðarinnar eru að álfasagnir þjónuðu mörgum hlutverkum í samfélaginu. Þær komu fram með sérstök skilaboð handa mönnum. Í gamla sveitasamfélaginu þjónuðu þær meðal annars menntunar- og uppeldishlutverki, leyfðu fólki að flýja undan kúgun og hversdagsleika og fólu í sér sérstakar reglur um siðferðilega hegðun sem var til fyrirmyndar á þeim tíma. Síðast en ekki síst má ekki gleyma að þær eru til vitnis um menningu Íslendinga og trú fólks á þessum „ósýnilegu nágrönnum“ sem lifað hafa í steinum og í hugum fólks.

Abstract

This thesis is submitted for a BA degree in Icelandic as a second language from the School of Humanities at the University of Iceland. This thesis will examine Icelandic elves legends from each category in Jón Árnason's collection with a particular emphasis on a stories about the love between elves and humans. Those love stories will be compared from the perspective of women and men. In addition, the role of the stories about relations between elves and humans in the old Icelandic village society will be investigated. Attempt will be made to find out what society's position was towards the traditional image of women. Furthermore will be said about the role of elves legends based on theories of an American ethnographer William Bascom.

The main conclusions of this thesis are that legends about elves served many roles in the society. They came with particular messages for humans. In the old Icelandic society they served, among other things, educational and upbringing role and allowed people to escape from oppression of everyday life. They included particular rules of morality that were exemplary at this time. Last but not least, it cannot be forgotten that they bear witness to the culture of Icelanders and the people's belief in these „invisible neighbors“ who have lived in rocks as well as people's minds.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Inngangur	6
1. Ósýnilegar verur	8
1.1. Rómantíska stefnan og safn Jóns Árnasonar	8
1.2. Sveitasamfélagið á Íslandi	10
2. Álfasögur og hlutverk þeirra	12
2.1. Uppruni og eiginleikar álfa	13
2.2. Hlutverk álfasagna	17
2.3. Flokkar álfasagna	20
2.3.1. Umskiptingur	20
2.3.2. Náttúrusögur	21
2.3.3. Góðir og vondir álfar	22
3. Ástir álfa og manna	24
3.1. Kvennasögur	25
3.1.1. <i>Selmatseljan</i>	25
3.1.2. <i>Ljúflingsmál</i>	26
3.1.3. <i>Kötludraumur</i>	27
3.1.4. <i>Karitas í Búðardal</i>	29
3.1.5. <i>Álfafólkið í Loðmundarfirði</i>	30
3.2. Karlasögur	31
3.2.1. <i>Ólafur Liljurós</i>	31
3.2.2. <i>Huldukonan og bóndinn á Vöglum</i>	32
3.2.3. <i>Snotra álfkona</i>	33
3.2.4. <i>Rauðhöfði</i>	34
3.3. Samanburður	35
Lokaorð	36
Heimildaskrá	38

Inngangur

Þegar ég kom til Íslands í fyrsta skipti var mér sagt að Íslendingar tryðu á álfa og tröll. Ég velti fyrir mér hvort það væri sannleikur eða aðeins eitthvað sem laðar ferðamenn og fólk af erlendum uppruna til landsins. Þetta vakti áhuga minn á menningu Íslendinga en það var ekki fyrr en að ég fór í nám í íslensku sem öðru máli í Háskóla Íslands sem ég byrjaði að fara dýpra í efnið. Á námskeiðinu Íslenskar þjóðsögur og þjóðtrú við Háskóla Íslands kviknaði áhugi minn á huldufólki og ástleitni huldufólks til manna. Gegnum árin mín á Íslandi lærði ég íslensku svo að ég byrjaði að rannsaka það hvort Íslendingar trúu á álfa og tröll í raun og veru. Ég spurði marga þeirra um það og flestir játuðu og sögðu mér sögur sem þau upplifðu sjálf í æsku eða sögur sem þau heyrðu frá öðrum. Margar sögur frá þeim fjölluðu um ást milli álfa og mennskra manna og samskipti milli heimanna okkar. Meðal annars þess vegna ákvað ég að skrifa ritgerð um álfasagnir með áherslu á sögur um ástir álfa og manna og hlutverk þeirra í gömlu íslensku sveitasamfélagi.

Sögurnar sem ég valdi fyrir þessa ritgerð eru aðallega sögurnar sem við fjölluðum um á námskeiðinu í Háskóla Íslands. Auk þess til samanburðar fann ég í safni Jóns Árnasonar sögur sem eru að ýmsu leyti líkar eða ólíkar þeim. Einnig fjalla ég um vinsælt danskvæði meðal Íslendinga *Ólafur Liljurós* frá 16. og 17. öld vegna þess að í því voru afleiðingar ástarsambandsins mjög áberandi. Titill ritgerðarinnar „Mér tjáir ekki að dylja þig, álfamærin blekkti mig“ kemur einnig úr kvæðinu um Ólaf Liljurós.

Þessar sögur tilheyra gamla sveitasamfélaginu og mig langar að nota þær til að sjá hvað þær geta sagt okkur um samfélagið sem myndaði þær. Í ritgerðinni verður leitast við að finna svör við spurningunum: *Hvaða hlutverki þjónuðu sögur um samskipti álfa og manna í gömlu íslensku sveitasamfélagi? Hvert var viðhorf samfélagsins til ástarsambanda álfa og manna?* og síðast en ekki síst *hvernig ímynd kvenna birtist í sögum um ástir álfa og manna?*

Til þess að finna svör við þessum spurningum verður ritgerðinni skipt í þrjá meginkafla auk inngangs og lokaorða. Í fyrsta kaflanum verður fjallað um safn Jóns Árnasonar og íslenska sveitasamfélagið. Annar kaflinn fjallar um álfasögur, uppruna og eiginleika álfa. Auk þess verða skoðuð hlutverk hvers flokks álfasagnanna og að lokum sagt frá þeim frá sjónarhorni kenninga bandaríska þjóðfræðingsins William Bascoms. Kenningar hans hafa aldrei áður verið notaðar í sambandi við íslenskar álfasögur.

Að mínu mati passa öll fjögur hlutverkin sem hann tilgreinir vel við þær og mig langar að nota þau til að skilja betur boðskap þeirra. Í þriðja kaflanum verður hins vegar sagt frá ástum ljúflinga og kvenna og svo álfkvenna og mennskra manna og þessir tveir flokkar bornir saman. Auk þess verður sagt frá hefðbundinni ímynd kvenna á þeim tíma og viðhorfi samfélagsins til hennar. Til að styðja við svörin verða rannsakadar álfasögur úr báðum flokkunum.

1. Ósýnilegar verur

Íslenskar þjóðsögur eru stór hluti af bókmenntalegri menningu Íslands. Erfitt er að segja hversu gamlar sögurnar eru. Annars vegar gætu sumar þeirra verið mjög gamlar og hins vegar gætu aðrar hafa verið nýlegar þegar þeim var safnað saman á nítjándu öld. Það eina sem er tryggt er að þær voru til þegar þeim var safnað saman. Sumar þeirra höfðu áður hugsanlega lifað í munnmælum mann fram af manni, kynslóð fram af kynslóð öldum saman. Íslenskar þjóðsögur eru stuttar frásagnir sem eiga sér stað í íslensku bændasamfélagi fyrri alda. Þær tengjast yfirleitt ákveðnum svæðum og lýsa því hvernig dularverur eins og álfar, tröll og draugar ónáða hversdagslegt líf fólks og sýna ýmisleg samskipti milli þeirra og manna.¹ Þær voru yfirleitt sagðar á kvöldvökum í baðstofu sveitarbæja til skemmtunar. Hér á eftir verður sagt frá safni Jóns Árnasonar og sambandi þess við rómantíska stefnu og frá íslensku sveitasamfélagi.

1.1. Rómantíska stefnan og safn Jóns Árnasonar

Rómantíska stefnan kom fram í Evrópu í lok 18. aldar og hafði sín áhrif á Íslandi í upphafi 19. aldar. Hún kveikti mikinn áhuga samfélagsins á sögu þjóðarinnar. Á þeim tíma var Ísland að mestu leyti sveitasamfélag. Íslendingar byrja að flytja til þéttbýlis úr sveit. Fólk sem stundaði kveðskap var aðallega sjálfmenntað og kom úr sveit. Hins vegar bjuggu flestir menntamenn í útlöndum² og stunduðu flestir nám í Kaupmannahöfn í Danmörku.

Rómantíska stefnan lagði áherslu á náttúruna en hún skapar eina heild þar sem menn eru aðeins lítill partur hennar. Rómantísk skáld dáðust að náttúrunni og horfðu á hana eins og á fullkomnið verk Guðs. Henni fylgdi djúp virðing og dýrkun. Skáldskapur í tímum rómantískrar stefnu einkenndist einnig af ímyndunarafli og táknum. Náttúra var staður þar sem ýmis tákni endurspegluðu tilfinningar og hugsanir skálda. Ímyndunaraflið gaf hins vegar leyfi til að lesa það sem náttúran segir og greina það sem var ósýnilegt öðrum.³

Þjóðsagnasöfnun á meðal annars rætur sínar að rekja til þessa tímabils. Annars

¹ Romina Werth 2021:10

² Páll Valsson 1996:345

³ Páll Valsson 1996:264-267

vegar höfðu íslenskar þjóðsögur áhrif á rómantíska stefnu á Íslandi og hins vegar var rómantíska stefnan ein af ástæðunum þess að þeim var safnað saman. Hugmyndir þýska heimspekingsins Johann Gottfried Herder (1744-1803) voru mikilvægar fyrir Íslendinga á þeim tíma. Hann taldi að í bókmenntum sem lifðu í munnmælum væri hægt að finna sál og anda þjóðarinnar. Hugmyndir hans leiddu til þess að áhugi á þjóðsögum og skáldskap í munnlegri geymd jókst meðal Íslendinga.⁴ Það hafði mikil áhrif á það hvernig fólk leit á þjóðsögur.

Rómantík hafði jafnframt tengst að mörgu leyti þjóðernishyggju. Með henni fengu Íslendingar fullvissu um að andi frjálsu þjóðarinnar byggi með henni og Ísland gæti orðið sjálfstætt land. Þrátt fyrir að þjóðsögurnar væru án höfunda voru þær varðveittar í þjóðinni sjálfri á sínu eigin tungumáli. Hin þjóðernislega rómantík sem birtist í þjóðsögum var röksemd sem menn sóttu sér í sjálfstæðisbaráttu Íslands.⁵ Einnig höfðu þjóðsögurnar áhrif á list á 20. öld og nefna má meðal annars verk sem voru innblásin af þjóðsögum þ.e. höggmynd *Sæmundur á selnum* (1926) eftir Ásmund Sveinsson (1893-1982) og málverk *Búkolla* (1947) eftir Ásgrím Jónsson (1876-1958).

Á nítjándu öld frá innblæstri af rómantískum hugmyndum hófst kerfisbundin söfnun á þjóðsögum í Evrópu þar á meðal á Íslandi.⁶ Árni Magnússon (1663-1730) safnaði ævintýrum og frásögnum um fornmenntir úr munnlegri geymd og var fyrstur til að skrifa þær niður. Með innblæstri af rómantíkinni vildi hann að munnmælasögur yrðu viðurkennt efni samfélagsins til fróðleiks í prentuðu formi.⁷ Árið 1845 byrjuðu tveir íslenskir menn, bókavörðurinn Jón Árnason (1819-1888) og Magnús Grímsson (1825-1860), að safna íslenskum þjóðsögum með þjóðsagnasafn Grimms bræðra sem fyrirmynd í huga. Líkt og hjá Grimms bræðrum var sögunum skipt niður í þrjá helstu flokka munnlegra sagna þ.e. goðsögur, þjóðsögur og ævintýri.⁸ Álfasögur féllu undir goðsagnaflokk. Sjö árum síðar kom út bókin *Íslensk æfintýri* og þrátt fyrir að hún væri örlítill bók, aðeins 144 blaðsíðna löng, hafði hún mikla þýðingu fyrir bókmenntalega menningu Íslands. Hún var fyrsta tilraun til að breyta sögum sem urðu til í munnlegri geymd í bókmenntaverk og var fyrir marga fyrirmynd í sínum eigin verkum.⁹

⁴ Páll Valsson 1996:260

⁵ Páll Valsson 1996:268-269

⁶ Romina Werth 2021:9

⁷ Gísli Sigurðsson 1996:410-412

⁸ Gísli Sigurðsson 1996:413

⁹ Gísli Sigurðsson 1996:422-423

Jón Árnason hélt áfram að safna munnmæla sögum með aðstoð þýska lagaprófessorsins Konrad Maurer. Stórvirkið *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri* kom út í tveimur bindum á árunum 1862–1864. Jón Árnason var í góðum tengslum við fjölda manna sérstaklega vini sína úr Lærða skólanum sem voru staðsettir um allt land. Hann skapaði tengslanet og þeir hjálpuðu honum við þjóðsagnasöfnun. Menn höfðu leitað í nærumhverfi sínum eftir heimildamönnum sem gátu sagt sögur sem aldrei áður höfðu verið sagðar eða skrifaðar niður. Þessi tengsl voru dýrmæt í verkum hans.¹⁰ *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri* hlaut mikla útbreiðslu hér á landi. Ásamt öðru hafði Jón Sigurðsson forseti Bókmenntafélagsins keypt 800 eintök og gaf þau án endurgjalds til félagsmanna og *Útilegumenn* Matthíasar Jochumssonar sem fjallar um minni úr íslenskum þjóðsögum, sem sagt mönnum sem var refsað með því búa í óbyggðum, voru sýndir í byrjun 1862. Sögurnar voru andagift í menningarlegu lífi samfélagsins, sjálfstæðisbaráttunnar og voru meðal annars hluti af þjóðlegri vakningu á ýmsum vettvangi.¹¹

1.2. Sveitasamfélagið á Íslandi

Þjóðfræðingurinn William Bascom (1912-1981) hélt því fram að til að skilja þjóðfræði og þjóðsögur væri nauðsynlegt að þekkja vel samfélagið og hafa þekkingu og skilning á menningu þess. Í þessum undirkafla verður stuttlega sagt frá samfélagi þar sem þjóðsögur áttu heima.

Á Íslandi var að mestu leyti sveitasamfélag og þess vegna er sveit sögusviðið sagnanna. Konur unnu aðallega í seli, litlum húsum skammt frá sveitabænum, þar sem þær mjólkuðu kindur eða kýr og unnu úr mjólkinni smjör og skyr. Menn hins vegar voru bændur, stunduðu útiverk slógu tún, ráku sauðfé og fóru á veturnum á vertíð og stunduðu fiskveiðar. Einnig fór fólk í grasferðir til að tína jurtir.¹² Í gömlum torfbæjum var baðstofa aðalherbergi þar sem fólk var að vinna handavinnu, borða og sofa. Í einu rúmi sváfu yfirleitt tveir eða fleiri einstaklingar svo að næði var næstum ekki til. Í baðstofum fór fram kvöldvaka þar sem heimilisfólkið safnaðist saman við handavinnu og stunduðu sagnaskemmtun. Þar var lesið úr trúarlegum textum, sungnir voru sálmar

¹⁰ Landsbókasafn Íslands: Jón Árnason 200 ára afmæli:8

¹¹ Gísli Sigurðsson 1996:429

¹² Romina Werth 2021:14-15

og sagðar þjóðsögur.¹³ Fólki sem bjó í gömlum sveitabæjum trúði á vætti sem komu fram í þjóðsögum. Ástæða þess var hugsanlega að sögur um álfa, tröll og drauga voru sagðar fólki í bernsku. Barnið trúði því sem sagt var af fólki sem var þeim til fyrirmyndar.¹⁴

Hugmyndir um ástir fyrir á öldum voru að mörgu leyti ólíkar því sem er í dag. Hjónabandið átti ekki margt sameiginlegt með rómantískri ást og mörg önnur sjónarmið stjórnuðu makavali og upphafi hjúskapar til dæmis efnahagsleg atriði og jafnvel persónulegir eiginleikar.¹⁵ Ástlítið hjónaband var einhverskonar samningur milli tveggja einstaklinga og jafnvel fjölskyldna þeirra. Konur áttu að sjá um heimilið, ala upp börnin og vinna óteljandi störf sem þessu fylgdi. Ungar, ógiftar stúlkur unnu sem vinnukonur þar til þær giftust. Þær nutu ekki miklar virðingar, unnu mikið fyrir lítil laun án þess að fá mikinn frítíma. Konur sem unnu hins vegar utanhúss unnu einnig erfiða vinnu.¹⁶

Siðferðisleg hegðun bæði karla og kvenna þótti til fyrirmyndar í gömlu samfélagi. Árið 1564 samþykkti Alþingi Íslendinga lög sem kváðu á um refsingar fyrir fólki sem hélt framhjá, eignaðist börn utan hjónabands eða var í kynferðislegu sambandi við fjölskyldumeðlimi. Hjá þeim sem fóru ekki eftir reglunum beið dauðarefsing eða háar sektir. Karlar voru hálshöggvir og konum drekkt. Sýslumenn áttu að sjá um refsingar og að sekta í sveitum.¹⁷ Kirkjan átti einnig að vera með eftirlit og fylgjast með þessum brotum.¹⁸ Þessi lög sköpuðu í samfélaginu sérstök viðhorf gagnvart konum sem áttu barn utan hjónabands sem fyrir mörgum var vissulega stór glæpur. Konum var einnig refsað þegar þær gátu ekki lýst föður að barninu, í formi sektar og jafnvel gerðar útlægar úr sveitinni. Afleiðing þess var að sumar konur reyndu að halda barnsfæðingu og þunguninni leyndri.¹⁹

Börn með álfum er algengt þema í þjóðsögum um ástir álfa og manna. Lítil tengsl milli fólks vegna stöðugar vinnu næstum útilokaði rómantíska ást. Ástarsambönd með álfum leyfðu þeim að fara í annan heim þar sem fólki var sýnd athygli, ást, hamingja og frelsi. Auk þess var álfum oftast kennt um börn manna utan hjónabands á tímum Stóradóms.

¹³ Romina Werth 2021:13

¹⁴ Árni Björnsson 1996: 95

¹⁵ Gísli Ágúst Gunnlaugsson 1988: 85

¹⁶ Gunnar Þór Bjarnason og Margrét Gunnarsdóttir 2004:147

¹⁷ Már Jónsson 2004

¹⁸ Loftur Guttormsson 2000:290

¹⁹ Loftur Guttormsson 2000:97

Ennfremur var kirkjan mjög mikilvæg í gömlu sveitasamfélagi. Margt fólk fór til kirkju vegna félagslegra og menningarlegra ástæðna. Kirkjuferðir voru tækifæri til þess að hitta fólk og hafa samskipti við það, fara í falleg föt og breyta frá hversdagsleikanum.²⁰ Áhugaverð er afstaða kirkju á 16. og 17. öld til yfirnáttúrulegra vætta. Samkvæmt því voru álfar og aðrar yfirnáttúrulegar vættir komnar frá djöflinum sem birtust fólki sem talsýn.²¹ Seinna á 18. öld reyndu prestar að afnema hjátrú og sýndu frekar neikvæða afstöðu til hennar. Það var reyndar mjög erfitt vegna þess að sögur voru aðallega í munnmæla geymd manna.²²

Út frá þessari lýsingu er hægt að horfa á álfasögur frá ólíkum sjónarhornum og eins og William Bascom hélt fram, skilja samfélagið og hlutverk sagna betur. Í næstu köflunum verður lögð áhersla á álfasagnir og verður sagt frá hlutverkum álfasagna í gömlu íslensku bændasamfélagi.

2. Álfasögur og hlutverk þeirra

Stór hluti goðfræðisagna segir frá álfum og samskiptum þeirra við menn. Í safni Jóns Árnasonar er hægt að finna sögur sem fjalla meðal annars um uppruna álfa, umskiptinga, náttúru og álagabletti og jafnvel álfa sem leita liðveislu manna, sýna mönnum góðvilja eða gera mönnum mein. Jafnframt eru margar sögur um kynferðisleg sambönd milli þeirra tveggja „þjóða“- álfa og manna. Í greininni *Ljúflingar og fleira fólk* segir Guðrún Bjartmarsdóttir að huldufólkssögurnar „snúist um ýmisleg samskipti þeirra tveggja þjóða sem samkvæmt þjóðtrúnni byggja landið, huldufólks og mennskra manna. Eins og vænta má í slíku sambýli verða þar oft erjur milli granna það er t.d. tekist á um lönd og bústaði, en oft er líka hjálpast að í lífsbaráttunni sem einkennist af sömu vandamálum í báðum heimum.“²³

Ennfremur í álfasögum má finna sérstök skilaboð og áhugaverðan boðskap. Þjóðfræðingurinn William R. Bascom (1912–1981) hélt því fram að þjóðsögur sýni rétta og ranga hegðun manna a.m.k. gagnvart hinum yfirnáttúrulegu verum og hafa að

²⁰ Loftur Guttormsson 2000:245-246

²¹ Loftur Guttormsson 2000:271

²² Loftur Guttormsson 2000:355

²³ Guðrún Bjartmarsdóttir 1982:322

því leyti uppeldishlutverk. Í ritgerðinni sinni *Four functions of folklore* nefnir hann fjögur hlutverk sem þjóðtrú og þjóðsagnir áttu í samfélagi þar sem sögurnar voru sagðar.²⁴ Þessar kenningar hafa aldrei áður verið notaðar til að skoða íslenskar álfasögur. Hann segir meðal annars að sögurnar ættu að mennta og ala upp samfélagið sérstaklega þar sem ólæsi og menntunarskortur voru ráðandi. Þeir einstaklingar sem fara eftir þessum óskrifuðu reglum er launað fyrir í lífi sínu á meðan hinum sem ekki fara eftir reglunum hefnist fyrir ótryggð sína.

Hér á eftir verður rannsakað hvaða hlutverki álfasagnir þjónuðu í íslenska sveitasamfélaginu og hvernig kenningar Bascoms birtast í íslenskum álfasögum. Skoðaðar verða ýmsar álfasögur og verður kannað hvernig álfar geta ýmist refsað mönnum eða sýnt þeim góðvild. Fyrst og fremst verður sagt frá álfum og uppruna þeirra. Enn fremur verða hlutverk þessara sagna rannsökuð með því að fara aðeins dýpra í hvern flokk og reynt verður að finna skilaboð sem þær gefa lesendum.

2.1. Uppruni og eiginleikar álfa

Í fyrsta kaflanum var talað um samfélag manna en hverskonar verur eru álfar og hvaðan rekja þeir uppruna sinn? Hugmyndir um álfa birtast á 13. öld í *Snorra-Eddu*. Í álfaheimi bjuggu ljósálfar og dökkálfar. Ljósálfar áttu heima á himni og voru *fegri en sól sýnum og goðviljaðir*. Dökkálfar sem hins vegar bjuggu í jörðu voru *viðsjárverðar og illa innrættar verur* og svartari en bik.²⁵ Hugmyndir sem koma í *Snorra-Eddu* um ljósálfa sem voru góðir og dökkálfa sem voru vondir má tengja við hugmyndir Jóns Árnasonar þar sem hann heldur fram að góðu álfarnir væru kristnir en vondu álfarnir á hinn bóginn ókristnir, voru vondir við menn og gerðu þeim margt til meins og skaða.²⁶

Terry Gunnel segir í greininni *How elvish were the álfar?* að fólk á mismunandi tímum hafi ólíkar hugmyndir um álfa. Snemma á 12.öld varð til skýr huglægur munur milli álfa og landvætta. Frumtextar eins og *Ulfjótsslög* og *Landnámabók* fjalla alls ekki beint um álfa heldur um landvætti (e.nature spirits) og bergbúa (e.rock-inhabiters). Auk þess á 14. öld í handriti *Þiðranda þátrr ok Þórhalls* er tilvísun til kvikvinda sem búa í

²⁴ Bascom 1954: 348

²⁵ Snorra-Edda. Bls.187

²⁶ Jón Árnason 1954:5

hólum og ekki er notað orð álfur í því sambandi. Umskiptin til álfa svipaða og í þjóðsögum koma ekki fyrir fyrr en seinna. Í sögum eins og *Norna-gests þáttur* eða *Göngu-Hrólfis sögu* birtast álfar frekar í alþjóðlegu þjóðsagnaformi þar sem þeir ræna börnum, tæla konur eða menn til sín eða eiga í erfiðleikum með fæðingu barna.²⁷

Í safni Jóns Árnasonar *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* fjallar hann um uppruna álfa og huldufólks í þjóðsögum. *Huldumanna genesis* fjallar um að Guð almáttugur hafi heimsótt Adam og Evu. Þegar Guð kom til þeirra var vel tekið á móti honum. Þau sýndu honum allt sem þau áttu ásamt börnum sínum, en sum af þeim faldi Eva fyrir Guði vegna þess að þau voru óhrein. Hún laug að Guði að hún ætti ekki fleiri börn. Guð vissi að það væri ósatt og refsaði henni með því að fela börnin frá öllum mönnum. Óhreinu börnin hennar Evu urðu álfar og eins og sagt er í sögunni: „Þaðan eru álfar komnir, en mennirnir eru komnir af þeim börnum Evu sem hún sýndi Guði.“²⁸

Önnur þjóðsagan sem fjallar um uppruna álfa heitir *Álfur og Alvör*. Þar segir að Guð hafi skapað konu úr mold fyrir Adam en var hún svo óróleg og fælin að hvorki Adam né Guð gátu sagt neitt við hana. Að lokum skapaði Guð henni mann eftir hennar eðli og nefndi hann Álf og hana Alvör og af þeim hefðu komið vættir eins og tröll og álfar.²⁹ Báðar þessar sögur sýna áhugavert viðhorf til álfa.

Í stuttu máli voru álfar menn sem Guð hafði hulið frá öðrum mönnum. Í báðum þjóðsögum eru álfar settir fram eins og eitthvað sem er ekki nóg gott til að vera í heimi manna s.s. börn sem Eva skammaðist fyrir af því að þau voru ekki nógu fín til að sýna Guði og menn sem voru ekki nóg hægir og eðlilegir til að vera í okkar heimi. Auk þess það sem álfar í báðum sögum eiga sameiginlegt er tenging við mold og óhreinindi.

Út frá þjóðsögum um uppruna álfa kemur fram að þeir búa í einhverjum hliðstæðum heimi við okkar mennina. Álfar og huldufólk búa yfirleitt í hólum og klettum en það var trú að þeir ættu einnig „híbyli ekki aðeins í hólum og steinum, heldur einnig í sjó (marbendlar) og jafnvel í loftinu.“³⁰ Víða á Íslandi er hægt að finna svokallaðar álfaborgir og eitt þekktasta dæmið er Álfaborgin á Borgarfirði eystra. Álagablettir eru svæði sem bannað er að eyðileggja og geta verið meðal annars í formi steina, kletta og runna. Oftast hafa þessir staðir sérstakt form sem vekur athygli. Þeir eru

²⁷ Terry Gunnel 2007:117-120

²⁸ Huldumanna genesis I:5 í *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*

²⁹ *Álfur og Alvör* III:3-4 í *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* (3 bindi)

³⁰ Jón Árnason:4

mjög áberandi í umhverfi sínu á einhvern náttúrulegan hátt.³¹ Á slíkum stöðum hafa menn lengi trúað að huldufólkssamfélögin hefðu aðsetur.³² Nánar um álagabletti verður rætt hér á eftir.

Heimur álfa er oftast ekki sýnilegur mönnum án þess að þeir noti augnsmyrsl. Í sumum sögum meðal annars í *Snotru Álfkonu* á það ekki við og maðurinn sá heim álfa án augnsmyrslis. Í sögunni *Sýslumannskonan á Burstarfelli* er sagt frá konu sem sá heim huldufólks eftir að hún hafði sett augnsmyrslin í augu sín. Hún sá „með því allt hvað skeði bæði í jörð og á. [...] nálægt Burstarfelli voru klappir miklar og björg stór. Sá nú sýslumannskonan að þetta var raunar öðruvísi en sýndist og að þetta voru allt bæir, hús og stór þorp. Var allt fullt af fólki sem hafði allt atferli sem annað fólk, sló og rakaði og yrkti tún og engjar. Það átti naut, sauði og hesta sem allt gekk innan um annan búsmala.[...] og enginn sá það nema sýslumannskonan.“³³ Þessi tilvitnun sýnir glögglega að álfar gegna sama starfi og menn. Þeir stunda búskap eins og mennskir menn og fara einnig til fiskveiða og hvalskurðar.³⁴

Líkindi milli álfa og manna birtast ekki aðeins í störfum heldur einnig í sambandi við útlit, skaplyndi og persónuleika þeirra. Þeir eru líkir mönnum í uppbyggingu en eru grennri. Þeir lifa miklu lengur en mennskir menn en fæðast og deyja á sama hátt og við.³⁵ Álfar eru glæsilegri í útliti, eru klæddir í fínni föt og búa í betri húsum. Mjög oft í álfasögunum umbuna þeir fólki með gjöfum eins og með fallegum, litríkum fötum eða dúkum.³⁶

Álfar hafa miklu meiri kunnáttu um veðurfar en menn hafa. Veðurfarskunnátta kemur t.d. fram í sögunni *Sýslumannskonan á Burstarfelli* þar sem konan tók eftir því hvernig þeir hegða sér í ólíku veðurfari -„að þetta fólk var miklu verkhyggjara og veðurgleggra en annað fólk“.³⁷ Á hinn bóginn eru til hlutir sem álfar hafa ekki mikla kunnáttu eða reynslu í og biðja oft menn um aðstoð t.d. við fæðingu álfabarna eins og í áður nefndri sögu *Sýslumannskonan á Burstarfelli*.

Síðast en ekki síst má nefna að álfar drekka, borða og skemmta sér í veislum, með dansi og hljóðfærslætti sérstaklega um jólaleytið og nýár. Á þessum tíma ársins

³¹ Terry Gunnel 2018:28

³² Ólína Þorvarðardóttir 1995:12

³³ *Sýslumannskonan á Burstarfelli* I:13-15 í Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri

³⁴ Jón Árnason:5

³⁵ Jón Árnason:4

³⁶ Romina Werth 2021:39

³⁷ *Sýslumannskonan á Burstarfelli* I:13-15 í Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri

skemmta þeir sér mikið. Þeir hittast, spila á hljóðfæri og dansa.³⁸ Það virðist að á þessum tíma ársins opnast einnig leiðir milli heims „þeirra“ og „okkar“ og hægt er að ferðast milli þeirra frjálst. Sagan *Álfakóngurinn í Seley* lýsir mjög nákvæmlega hvernig þessar veislur voru og að þær áttu sér ekki stað aðeins um jólin og nýár heldur líka um páskaleytið og sumardaginn fyrsta. Í sögunni lítur strákurinn út um glugga og sér „mikinn mannflokk sem er að dansa og leika á alls konar hljóðfæri. En í miðri mannþyrpingunni sér hann sitja konunglegan mann með kórónu á höfði sér og sinn kvenmann til hvernar handar honum. Virðist honum það muni drottning kóngs og dóttir. [...] heyrði hann nú enn nú meiri glaum og gleði úti en um jólin [og] sér að dansinn er miklu skemmtilegri en hið fyrra sinn því margir glæsilegir riddarar leika fyrir kóngi og drottningu.“³⁹ Hér kemur fram að álfar eigi jafnvel kóng og drottningu og skemmtun þeirra er meðal annars að horfa á riddara. Þeir fagna jólum með mikilli gleði og skemmta sér enn meira en á öðrum tíma ársins.

Í sambandi við persónuleika álfa færir Jón Árnason rök fyrir því að til séu ýmist góðir eða illir álfar. Samkvæmt honum voru góðu álfarnir kristnir, fóru í kirkju og héldu alla kirkjusiði eins og kristnir menn. Illu álfarnir á hinn bóginn áttu að vera ókristnir og voru frekar vondir við mennska menn.⁴⁰ Samt sem áður má álykta út frá þjóðsögum að álfar séu hvorki vondir né góðir heldur má segja að þeir bregðist við því hvernig menn koma fram við þá. Í þjóðsögunum sjáum við tvær hliðar af persónuleika álfanna þá góðu og þá illu. Allt leiðir til góðs ef mennskir menn hlýða og virða reglur álfanna en það endar illa ef slíkar reglur eru ekki virtar. Gott samband milli álfa og mennskra manna leiðir oft til ástarinnar þó ekki alltaf til hamingjunnar.

Álfar og menn sköpuðu tvær þjóðir sem lifðu í hliðstæðum heimum aðgreindum á einhvern dularfullan hátt. Þrátt fyrir að heimur álfa væri glæsilegri en manna og þeir ættu og kynnu meira en menn, voru þeir mjög líkir mönnum. Samskipti milli þessara tveggja þjóða einkenndist að mörgu leyti af virðingu og hjálpsemi. Mennskir menn áttu að sýna álfum virðingu meðal annars fyrir bústöðum þeirra og í staðinn voru þeir verðlaunir af álfum sem sýndu fólki hjálpsemi og kurteisi. Fólk hjálpaði þeim meðal annars við fæðingu barna og álfar endurgreiddu alltaf fyrir hjálpina. Það virkaði líka í hina áttina. Ef menn og álfar voru ekki góðir við hvern annan kæmu slæmar afleiðingar.

³⁸ Jón Árnason 1954:100-101

³⁹ *Álfakóngurinn í Seley* I:86-88 í Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri

⁴⁰ Jón Árnason 1945:6

Álfar eins og menn hafa sínar góðu og slæmu hliðar og það er helst sem tengir þá við okkur. Öll samskipti milli okkar „þjóðanna“, hvort þau áttu sér stað í raun og veru eða voru aðeins skapaðar í ímyndunarafli, áttu sinn tilgang í lífi manna. Hver saga hafði sín skilaboð og kenndi fólk ýmis atriði. Hér á eftir verður sagt frá hlutverki álfasagna í samfélagi manna.

2.2. Hlutverk álfasagna

Óhætt er að segja með vissu hvaða hlutverk þjóðsögur þjónuðu í því samfélagi sem þær voru sagðar í. Aðeins út frá rannsóknum annarra fræðimanna er hægt að draga ályktanir um þetta málefni. Hér á eftir verður sagt frá skoðunum Max Lüthi úr bókinni hans *The European Folktale: form and nature* og kenningum William R. Bascoms. Í þessum undirkafla verður lögð sérstök áhersla á tengsl milli hlutverka sem Bascom skilgreindi og íslenskra álfasagna.

Að mati Max Lüthi má greina þjóðsögur bæði sem vísindi og bókmenntalegan menningarkraft í munnlegri geymd. Hann segir að þjóðsögur hafi fyrst og fremst haft það hlutverk að skemmta fólki. Þegar sögur voru sagðar á kvöldsamkomum var horft á þær sem eitthvað merkingalegra en venjulegar sögur. Þær sögðu frá mikilvægum og spennandi atburðum og vöktu trú á veruleika þess sem sagt er frá. Í öðru lagi innihéldu þær svör handa fólki sem fann til sársauka og var áhyggjufullt um atburði í lífi sínu. Þjóðsögur uppfylltu líka drauma og óskir fólks um betra líf og hluti sem það átti ekki. Síðast en ekki síst kalla þjóðsögur ákveðna hluti til athugana, útskýra þá og svara spurningum. Auk þess varpa þær ljósi á viðkvæma hluti í lífi fólks eða geta útskýrt merkingu þess sem gerist í lífinu.⁴¹

Annar fræðimaður sem hafði rannsakað þjóðfræðisögur var bandaríski þjóð- og mannfræðingurinn William R. Bascom (1912-1981). Hann lagði mikla áherslu á þróun vísindalegra samanburðaraðferða í þjóðsagnarannsóknum. Bascom var sérfræðingur í listum og menningu Afríku sérstaklega Jórúbu í Nígeríu. Hann gerði fjölda rannsókna á viðvarandi áhrifum jórúba hefðbundinna viðhorfa meðal annars á þjóðtrú Vestur-Afríkubúa.⁴² Í ritgerðinni sinni *Four functions of folklore* leggur hann áherslu á þessa

⁴¹ Max Lüthi 1986:81-87, 104-105

⁴² Fagg: William R. Bascom

menningarheima. Hann greinir einnig frá hlutverkum þjóðsagna og mikilvægi þess að skoða þjóðsögur út frá samfélagslegu samhengi. Í ritgerðinni sinni fjallar hann ekki um íslenskar þjóðsögur heldur um þjóðtrú og þjóðsögur í Vestur-Afríku. Þrátt fyrir það má yfirfæra kenningar hans á þjóðsögur annars staðar í heiminum og ekki síst er hægt að túlka forsendur hans út frá sjónarhorni íslenska álfasagna og gamla sveitasamfélaginu. Fjögur hlutverk sem hann nefndi eru algild og hægt er að finna þau í íslenskum álfasögum.

Bascom heldur því fram að vandamálið við menningarlegt samhengi eða tengsl milli þjóðsagna og annarra þátta menningarinnar séu í sjálfu sér mjög mikilvæg. Þetta vandamál hefur tvær aðskildar hliðar, fyrst snýr það að því að hversu miklu leyti þjóðsögur, eins og tungumál, endurspeglar menningu og á hversu miklu leyti tjáningu skoðana og viðhorfa.⁴³ Að hans mati til að skilja þjóðfræði og þjóðsögur er nauðsynlegt að þekkja vel samfélagið og hafa þekkingu og skilningu á menningu þess.

William Bascom skilgreinir fjögur hlutverk sem þjóðsögur gætu uppfyllt í tilteknu samfélagi. Kenningar Bascoms og Max Lüthi eru á mörgu leyti svipaðar. Þau hlutverk sem Bascom skilgreinir eru: 1) að leyfa fólki að flýja undan kúgun og hversdagsleika sem samfélagið hefur beitt það, 2) að viðurkenna menningu, réttlæta helgisiði og stofnanir, 3) hafa menntunar- og uppeldishlutverk, 4) að beita félagslegum þrýstingi og beita samfélagslegri stjórn (bls. 333-349).

Fyrsta hlutverk þjóðsagna er að með þjóðsögum var fólki leyft að flýja undan kúgun og hversdagsleika sem samfélagið hefur beitt það. Með þjóðsögum hafði fólk þann möguleika að flýja í fantasíu frá kúgun, hvort þessar kúganir væru kynferðislegar, stöfuðu af bannhelgi eða hefðu samhengi við fjölkvæni (bls.343). Þetta hlutverk sem Bascom nefndi er hægt að sjá frá sjónarhorni íslenskra álfasagna sem fjallað verður um í kafla 3. Sögurnar um ástir álfa og manna endurspeglar þetta hlutverk, menn alveg eins og konur höfðu hugsanlega í huga kynlíf og ástir með öðrum. Í þessum sögum gat kynlíf utan hjónabands og jafnvel röng hegðun kvenna verið bannhelgi. Auk þess gat fólk ferðast í burtu í huganum frá hversdaglegu lífi og dreymt um hluti sem það gat aldrei fengið í raunveruleikanum.

Annað hlutverk sem Bascom nefndi er að þjóðtrú viðurkennir menningu og

⁴³ Bascom 1954:336-337. Ekki verði vitnað frekar til greinar hans í neðanmálgreinum þegar talað er um kenningar Bascoms í þessari ritgerð. Hér verði vitnað til þessarar heimildar með blaðsíðutali innan sviga í meginmáli.

réttlætir helgisiði og stofnanir hennar fyrir þá sem framkvæma og fylgja þeim siðum. Þjóðsögunar gátu með því verið einhverskonar heimildir eða fyrirmæli, skipulagsskrár og jafnvel hagnýtur leiðarvísir um t.d. rétta og ranga, galdra, helgisiði og samfélagsgerðina (bls.344). Eins og sjá má í sögunum sem fjallað verður um hér á eftir létu þjóðsögur í ljós og juku trú fólks, vernduðu og knúðu fram siðferði og siðferðislega hegðun og innihéldu hagnýtar reglur til að leiðbeina mönnum.

Þriðja hlutverkið snýr að menntunina og uppeldi. Að mati Bascoms höfðu þjóðsögur menntunar- og uppeldishlutverki að gegna, sérstaklega í þeim samfélögum þar sem menntunarskortur og ólæsi voru ráðandi. Á þeim tíma sem þjóðsögunar voru sagðar var formlegt skólahald ekki almennt og fáir stunduðu nám á Íslandi svo giska má á að þjóðsögur og jafnvel þjóðtrú væru á þeim tíma uppeldistæki (bls.345). Í því samhengi er hægt að segja að álfasögur væru meðal annars sagðar til að ala og mennta börn, leiðbeina stúlkum um rétta og ranga hegðun, koma afleiðingum þess að brjóta hjónabandið á framfæri, sýna óskrifuð „lög“ samfélagsins, afleiðingar letinnar og uppreisnaræðis og síðast en ekki síst fræða fólk um mikilvægi þess að vernda náttúruna og útskýra fötlun barna.

Síðasta hlutverk samkvæmt Bascoms er að beita félagslegum þrýstingi og beita samfélagslegri stjórn. Þetta hlutverk er mjög mikilvægt í augum Bascoms vegna þess að það viðheldur samræmi við viðtekið hegðunarmynstur samfélagsins. Hann segir að í mörgum samfélögum séu þjóðsögur notaðar til að stjórna, hafa áhrif á eða stýra athöfnum fólks frá barnæsku og gegnum fullorðinsárin. (bls.346) Íslenska sveitasamfélagið var lítið samfélag og hugsanlega var auðvelt að stjórna því m.a. þar sem kirkjan hafði mikil áhrif á það. Auk þess með álfasögum, tröllasögum og fleiri sögum og með boðskap þeirra var auðvelt að stýra hegðun fólks og hafa áhrif á hana. Álfasögunar fjölluðu oft um refsingar þess að brjóta almennar reglur samfélagsins og verðlaun fyrir að fara eftir reglunum. Það gæti verið meðal annars tæki til að stjórna samfélaginu.

Í ritgerðinni *Four functions of folklore* hafði William R. Bascom kynnt kenningar um allgildandi hlutverk þjóðsagna í þjóðfræði. Til að skilja þjóðsögur og hlutverk þeirra í lífi manns er nauðsynlegt að hafa mikla þekkingu um gerð þeirra í mismunandi samfélögum (bls.348). Frá þessu sjónarhorni er hægt að segja að öll fjögur hlutverkin sem nefnd voru áðan eigi heima í íslenskum álfasögum. Oft er erfitt að

greina milli hlutverka því að þau eru oft mjög svipuð og geta mörg hlutverk verið gild í einstökum sögum. Í næstu köflum verður fjallað meira um hvernig fjögur hlutverk Bascoms birtast í mismunandi sögum.

2.3. Flokkar álfasagna

Álfasagnir fjalla um álfa sem ýmist geta refsað mönnum eða sýnt þeim góðvild. Megineinkenni álfasagna snýst um virðingu fyrir þessum yfirnáttúrulegu verum og heimilum þeirra. Mennskir menn eiga að hlýða boðum þeirra annars bíður þeirra refsing og hefnd. Hins vegar ef menn fara eftir reglum álfanna er þeim launað ríkulega og álfar sýna þeim góðvilja.⁴⁴ Hver flokkur álfasagna gefur lesendum önnur skilaboð og þess vegna er æskilegt að skoða hvern þeirra einn og sér. Þær verða rannsakaðar út frá kenningum William Bascoms um fjögur hlutverk þjóðsagna. Skoðaðar verða sögur um umskiptinga, náttúru og álagabletti og góðu og vondu hliðar álfa en ítarlegri umfjöllun um sögur um ástarsambönd álfa og manna verður í 3. kafla hér á eftir.

2.3.1. Umskiptingur

Umskiptingur er vera í íslenskum þjóðsögum, oftast gamall álfakarll. Hann er settur í stað mennskis barns sem álfar rændu úr mannheimi. Umskiptingur er óþekkur, órólegur, vandræðalegur og í hegðun sinni mjög ólíkur barninu sem var rænt.⁴⁵

Dæmigerð og víða þekkt saga um umskipting í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar heitir *Átján barna faðir í álfheimum*. Hún fjallar um konu sem skildi barnið sitt eitt eftir á meðan hún var að vinna. Þegar hún kom til baka var barnið ólíkt sjálfu sér í skaplyndi og mælti ekki orð. Í lok sögunnar kemur fram að barnið var í raun og veru umskiptingur þegar gamall álfakarll sagði: „Nú er eg svo gamall sem á grönnum má sjá, átján barna faðir í álfheimum“⁴⁶ Álfkonan hans sótti svo bónda sinn og kom með smábarnið til baka.

Frásagnir af umskiptingum er hægt að tengja við ábyrgð foreldra til að vernda

⁴⁴ Jón Hnefill Aðalsteinsson 1989:254

⁴⁵ Íslenska alfræðiorðabókin, „Umskiptingur“.

⁴⁶ Átján barna faðir í álfheimum I:43-44 í Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri.

börn sín og sjá um öryggi þeirra. Síðan í lífinu var börnum einnig kennt að gæta sín og fylgja ekki ókunnugum þó að þeir væru góðir og vinalegir við það.⁴⁷ Þetta er algilt fyrirbæri sem okkur öllum var kennt á ýmsum tímum lífsins. Þjóðsögur voru ein leið til að gera þetta í gömlu sveitasamfélagi. Út frá kenningum William Bascom segja má að hlutverk þessara sagna sé tvenns konar. Fyrst og fremst hefur þessi saga menntunarhlutverk til að fræða bæði foreldra um að gæta að börnunum og svo fyrir börnin til að forðast ókunnuga. Í öðru lagi voru þessar sögur notaðar til að stjórna og hafa áhrif á fólk frá barnæsku og gegnum fullorðinsárin með því að sýna rétta hegðun.

Þvert á móti gengur Eva Þórdís Ebenezersdóttir í ritgerðinni sinni út frá því að umskiptingar séu í raun og veru börn með ýmiskonar fatlanir eða sjúkdóma. Sagnir þessar voru meðal annars notaðar til að útskýra „þroskafrávik á borð við einhverfu áður en læknisfræðin kom með sínar skýringar“.⁴⁸ Hún heldur einnig fram að um sé að ræða fatlanir og sjúkdóma sem koma í ljós með tímanum sem sagt þegar barnið fæðist heilbrigt en með tímanum breytist það vegna fötlunar eða sjúkdóma.⁴⁹ Fólk í gamla sveitasamfélaginu kundi ekki skýringu á því sem var að gerast, það var engin læknisþjónusta eða rannsóknir um fötlun barna á þessum tíma. Þjóðsögur af þessu tagi voru notaðar til að hjálpa fólk skilja fötlun barna betur. Þær gegndu menntunar hlutverki samfélagsins til fróðleiks og útskýringar.

2.3.2. Náttúrusögur

Í safni Jóns Árnasonar koma fram sögur sem fjalla um refsingu af völdum álfa fyrir að eyðileggja náttúru og bústaði þeirra. Stór hluti þjóðsagna greinir frá slíkum atburðum, þar sem „hróflað er við steinum, hólum eða hríslum í eigu álfa eða huldufólks með skelfilegum afleiðingum; eins konar skemmdarverkum einstaklinga“.⁵⁰ Sagan *Huldufólkið borgar fyrir sig* lýsir glögglega afleiðingum þess að eyðileggja bústaði huldufólks. Strákurinn sem rak kýr til næsta bæjar hafði eyðilagt runna sem uxu á svæðinu. Hann veikist og dó svo eftir að hafa brotið grein af trénu. Svo er sagt í sögunni: „[...] runnurinn sem strákurinn reif upp, hafi verið skemmtilundur huldufólks

⁴⁷ Gísli Sigurðsson 1996:431-432

⁴⁸ Eva Þórdís Ebenezersdóttir 2010:27

⁴⁹ Eva Þórdís Ebenezersdóttir 2010

⁵⁰ Bryndís Björgvinsdóttir og Svala Ragnarsdóttir 2018:21

og hafi það viljað launa honum lambið gráa og valdið vanheilindum drengsins“.⁵¹

Þjóðfræðingurinn Valdimar Tr. Hafstein í greininni *Respekt fyrir steinum: álfatrú og náttúrusýn* segir að álfatrú á álagabletti sé hægt að túlka sem einhverskonar umhverfisvernd. Samkvæmt honum er boðskapur þessara sagna að koma virðingu fyrir náttúrunni á framfæri. Ennfremur segir hann að trú manna á þessa krafta náttúrunnar blandist bæði við ótta og virðingu.⁵² Álfasagnir um álagabletti snúast um virðingu fyrir umhverfinu, öllu sem er umhverfis mennina og þeim er ekki kunnugt um. Í þeim er hægt að finna hlutverk sem William Bascom skilgreindi. Fyrst og fremst er uppeldishlutverk þessara sagna augljós. Þær áttu að mennta fólk til að bera virðingu fyrir náttúrunni sem er umhverfis það og sýna öðrum tillitssemi sem eiga bústaði í nágrenni þeirra. Auk þess lýstu þær rangri hegðun manna gegn náttúrunni, sýndu hvernig er best að lifa í sátt við hana og voru dæmi um afleiðingar þess að eyðileggja hana. Við þetta passar fjórða hlutverk Bascoms sem snýst um stjórn samfélagsins. Með þeim var reynt að hafa áhrif á athafnir fólks frá barnæsku og gegnum fullorðinsárin. Gamla álfatrúin á álagabletti lifir enn í dag á Íslandi og segja má að hún virki vel því að hér á landi hafa menn lítið skaðað náttúruna. Hún birtist einnig „í samhengi við framkvæmir og hugmyndir manna um álög á vissum svæðum í náttúrunni“.⁵³

2.3.3. Góðir og vondir álfar

Í safni Jóns Árnasonar er hægt að finna sögur sem fjalla um álfa sem ýmist sýna mönnum góðvilja eða gjöra þeim mein. Sögurnar í undirkaflanum *Álfar sýna mönnum góðvilja* fjalla um álfa sem birtast í draumi með góð ráð fyrir menn, menn sem „hafa verið á ferð um kvöldtíma eða um hátíðir“⁵⁴ og álfum sem hafa tekið vel á móti þeim með opnum örmum og jafnvel um álfa sem höfðu einhverskona hæfileika til að lækna menn. Sagan *Kindaleit í Þorskafirði*⁵⁵ fjallar um álfkonu sem birtist manni í draumi og hjálpaði honum að finna kindurnar sem hann týndi. Í sögunni *Álfar hjá Víðivöllum*⁵⁶ gekk maðurinn í álfabyggð um jólanótt. Hann fékk þar góðar viðtökur og var tekið vel á móti honum. Næsta morgun vaknaði hann á berum klettunum og sá ekki aftur heimili

⁵¹ Romina Werth 2021:51

⁵² Valdimar Tr. Hafstein 1998:332

⁵³ Bryndís Björgvinsdóttir og Svala Ragnarsdóttir 2018:21

⁵⁴ Jón Árnason 1954:24

⁵⁵ Kindaleit í Þorskafirði I:25 í Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri.

⁵⁶ Álfar hjá Víðivöllum I:24 í Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri.

álfa. Svo koma tvær dæmigerðar sögur um það að álfar höfðu þá hæfileika að lækna menn. Í sögunni *Álfakona læknað mann í draumi*⁵⁷ læknað álfakonnan fársjúkan mann í draumi og maðurinn vaknar heill heilsu næsta dag. Sama gerist í sögunni *Álfakona læknað barn*⁵⁸ þar sem nábylshuldukona læknaði fátveikt barn.

Á hinn bóginn eru til sögur um álfa sem gera mönnum mein. Þeir geta brennt heimili fólks til að hefna sín á þeim, „drepa börn eða spilla heilsu [...] og draga mátt úr útlimum manna sem nytja álfabletti.“⁵⁹

Sögurnar um góðar og vondar hliðar álfa fjalla um rétta og ranga hegðun og jafnvel hjálpssemi og góð samskipti við ókunnuga. Í þessum sögum eru þeir sem eru góðir við aðra verðlaunaðir en þeim sem haga sér illa er refsað. Í þessum sögum eru ákveðin skilaboð samfélaginu til eftirbreytni.⁶⁰ Þegar litið er á þær út frá kenningum Bascoms hafa þær fyrst og fremst uppeldis og menntunarhlutverki að gegna. Þær koma réttri og rangri hegðun í framfæri. Þær kenna fólki á öllum aldri góðmennsku og siðferðislega hegðun. Í öðru lagi voru þær notaðar til að stjórna samfélaginu, stýra hegðun fólks og hafa áhrif á hana. Álfasögurnar fjölluðu oft um andstæður - góða og vonda hegðun og refsingar og verðlaun fyrir hana.

Þegar á allt er litið miðað við kenningar Bascoms áttu álfasögur, sem komu fram í þessum kafla, að hafa það hlutverk að fræða fólk um ýmis atriði. Sögur um umskiptinga áttu að fræða foreldra um fötlun barna, sögur um álagabletti áttu að fræða um virðingu fyrir náttúru og umhverfi manna og sögur um góðar og vondar hliðar álfa áttu að upplýsa um góða siði. Í næsta kafla verður lögð sérstök áhersla á sögur um ástir álfa og manna og sagt verður frá hlutverki þessara sagna.

⁵⁷ *Álfakona læknað mann í draumi* I:25 í Íslenskar þjóðsögur og ævintýri.

⁵⁸ *Álfakona læknað barn* I:27 í Íslenskar þjóðsögur og ævintýri.

⁵⁹ Gísli Sigurðsson 1996:430

⁶⁰ Gísli Sigurðsson 1996:431

3. Ástir álfa og manna

Sögur um ástir álfa og manna falla undir fyrstu kenningu William Bascoms og endurspeglar aðallega þrjár fólks til að flýja undan kúgun og hversdagsleika sem samfélagið hafði beitt það. Fólk gat ferðast í burtu í huganum frá hversdaglegu lífi og látið sig dreyma um rómantíska ást með öðrum mönnum. Þar að auki áttu þessar sögur að upplýsa rétta og ranga hegðun í samandi við siðferðislega ímynd kvenna.

Margar sögur í safni Jóns Árnasonar fjalla um ástarsambönd manna og huldufólks. Sögur sem fjalla um rómantísk ástarsambönd huldufólks og manna eru á nokkru leyti öðruvísi en sögur um ástir álfkvenna og manna. Þær þjónuðu sérstöku hlutverki í samfélaginu, áttu að upplýsa fólk um afleiðingar þess að slíta hjónabandi og sýna hvernig ætti að haga sér rétt. Þeim fylgir ólíkur boðskapur en sögurnar enda yfirleitt illa og samböndum fylgir sársauki og harmur. Ástarsögur karla og álfkvenna sýna frekar það að karlmenn máttu njóta frjálsra ásta með álfkonunum til að undirbúa sig fyrir hjónabandið og fjalla um afleiðingar bæði þess að sýna karlmennsku og að neita ást. Hér á eftir verða hins vegar skoðaðar karlasögur þar sem menn höfðu neitað ást álfkvenna og var refsað fyrir. Þessar sögur voru einnig viðvörðun um það að halda sig frá frjálsum ástarsamböndum með álfkonum.

Í þessum kafla verður sagt annars vegar frá sögum um ástir huldufólks og kvenna og hins vegar sögum um ástir álfkvenna og manna. Rannsakaðar verða sögur úr safni Jóns Árnasonar *Selmatseljan*, *Ljúflingsmál*, *Kötludraumur*, *Karítas í Búðardal*, *Álfafólkið í Loðmundarfirði*, *Huldukonan og bóndinn á Vöglum*, *Rauðhöfði*. Auk þess verður sagt frá vinsælu danskvæði meðal Íslendinga *Ólafur liljurós* sem fjallar einnig um samband manns og álfkonu. Sögum verður skipt í tvo flokka sem nefndir verða karlasögur og kvennasögur. Í karlasögum verða skoðuð ástarsambönd álfkvenna og manna og í kvennasögum ástarsambönd kvenna og huldufólks. Lögð verður áhersla á það sem er líkt og ólíkt milli sagnanna og rannsakað verður hlutverk ástarsagna álfa og manna í gömlu sveitasamfélagi.

3.1. Kvennasögur

Sögum um huldumenn, svokallaða ljúflinga, og konur fylgir rómatískt, sorglegt og ljúfsárt andrúmsloft. Efni þessara sagna eru oft rómantísk ást, ástalíf og þungun. Þær fjalla um konur sem komast í kynni við myndarlega ljúflinga og eiga í leynilegu ástarsambandi. Hér á eftir verða skoðaðar nokkrar sögur úr safni Jóns Árnasonar sem fjalla um svona ástir og sagt verður frá hlutverki þessara sagna.

3.1.1. *Selmatseljan*

*Selmatseljan*⁶¹ er saga úr safni Jóns Árnasonar sem er ástarsaga stúlku og huldumanns. Sagan fjallar í stuttu máli um fósturdóttur prests sem var selráðskona á sumrum. Hún var menntuð og þótti vænleg sem eiginkona svo margir menn vildu giftast henni. Hún hafði hins vegar engan áhuga á að giftast þrátt fyrir að presturinn reyndi mikið að finna henni eiginmann. Eitt sumarið, á meðan að hún vann í selinu, hitti hún huldumann hjá hömrnunum. Hann var mjög myndarlegur, fríður og góður. Þau kynntust fljótlega, urðu ástfangin og áttu svo von á barni. Hún hélt því leyndu og þegar mánuðirnir liðu var það augljóst að stúlkan væri ólétt. Presturinn bað menn að vakta hana í selinu og ekki láta hana eftir eina. Eitt sinn fóru allir úr seli að leita fjár og enginn varð eftir til að gæta hennar. Mögulega var það huldumaðurinn sem sá um að fæðingin færi fram í leynd. Hann aðstoðaði hana við fæðinguna og tók svo barnið með sér í álfheima. Hún fór aldrei aftur í selið og giftist síðan bónda sem presturinn valdi fyrir hana. Hún gerði það nauðug og setti þá það skilyrði að eiginmaður hennar tæki aldrei vetrarmenn né lofi ókunnugum mönnum að gista hjá þeim án leyfis hennar. Hann braut loforðið og bauð tveimur vistarmönnum gistingu. Í lok sögunnar bað bóndinn hana um að kveðja mennina og þegar hann kom heim fann hann þau bæði selmatseljuna og veturvistarmanni liggjandi í faðmlögum látin af harmi. Það kom fram í lokin að veturvistarmennirnir voru huldumaðurinn sem hún var ástfangin af og sonur þeirra sem stóð yfir dauðum foreldrum sínum grátandi.

Áhugavert er að ekki er vitað um sögu Selmatseljunnar þar til að hún segir

⁶¹ Selmatseljan I:63-67 í Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Ekki verði vitnað frekar til blaðsíðutala þegar talað er um hana í þessari ritgerð. Hið sama gildir um aðrar sögur þegar vitnað er til þeirra.

tengdamóður sinni frá Ljúflingnum í miðri sögu. Þar til þeirra stundar veit maður ekki hvort sagan er um hana, hvort hún var ólétt í raun og veru og ef já þá hver faðir barnsins var.

Í sögunni er hægt að finna margar andstæður eins og álfheima og mannaheima og tilfinningar sem fylgja hvorum þeirra, selin og sveitin, frelsið og vald yfir konum. Athyglin sem hún fær frá huldumanninum er ekki eins og hún hafði upplifað í sveitinni. Hún varð fljótlega ástfangin af honum. Eins og sagt er í sögunni var huldumaðurinn „góður og eftirlátur við stúlkuna og hann synjaði henni einskis hlutar og var henni til vilja í hvívetna“⁶². Hann var myndarlegur og góður við hana og gerði allt sem stúlkun bað um.

Í selinu var stúlkun frjáls, fann ást og valdi sér ástmann. Þar var hamingjan, ástin og barn. Í sveitinni á hinn bóginn var hún undir valdi fósturföður síns, hann velur handa henni eiginmann, segir mönnum að gæta hennar, þar er ástlítið og barnlaust hjónaband og óhamingja. Hún reynir að stjórna lífi sínu sjálf og losa sig undan valdi fósturföður síns. Huldumaðurinn og sel er flótti frá raunveruleika samfélagsins og leyfi til að vera frjáls og hamingjusömu konu.⁶³

Á hinn bóginn ræður eiginmaðurinn hennar yfir henni, skipar henni að hitta huldumanninn og virðir ekki ósk hennar. Einnig vildi hann að hún yrði heima og væri húsfreyja sem henni líkaði ekki vel. Hún vann með hangandi hendi og var alltaf leið. Þrátt fyrir það sýnir sagan að hann var góður maður en hún var aldrei hamingjusöm með honum. Hún þráir huldumanninn og getur ekki gleymt honum og ástinni sem þau áttu saman. Samt vill hún ekki hitta hann hugsanlega vegna þess að hún veit að samband þeirra á ekki heima í þessari veröld. Maðurinn hennar sveik loforðið og það leiddi til óhamingjunnar í lífi hennar og dauða út af sorginni.

3.1.2. *Ljúflingsmál*

Þjóðsagan sem er að mörgu leyti lík sögunni *Selmatseljan* er sagan *Ljúflingsmál*⁶⁴. Hún fjallar um bóndadóttur sem átti von á barni með huldumanni og var hugsanlega í

⁶² Jón Árnason 1954:65

⁶³ Guðrún Bjartmarsdóttir 1982:331

⁶⁴ Ljúflingsmál I:63 í Íslenskar þjóðsögur og ævintýri.

ástarsambandi með honum. Foreldrar hennar sættu sig ekki við það og sýndu henni fálæti. Þau voru reið stúlkunni því að hún eignaðist föðurlaust barn. Enginn trúði stelpunni þegar hún sagði hver faðir barnsins væri og allir skömmuðu hana og sögðu ljót orð við hana. Þegar hún byrjaði að gráta kom álfur á gluggann til að róa grátandi barnið með áhrínisorðum. Þegar strákurinn varð fullorðinn var hann afbragðsmaður og seinna hvarf hann og móðir hans með huldumanninum.

Í sögunni sést á augabragði viðhorf samfélagsins gagnvart föðurlausu barninu og stúlkunni. Fólk refsaði henni fyrir það, skammaði þau og sagði ljót orð við þau. Það var auðveldara að yfirgefa bæinn sinn og búa hjá álfum en að vera dæmd af öðrum. Hún var lögð í einelti fyrir það og líklegast átti þessi saga að kenna hvaða afleiðingar það hefði að eiga föðurlaust barn utan hjónabands og meira að segja stunda kynlíf fyrir utan hjónaband. Það að eiga föðurlaus börn og vera einhleyp móðir á tímum Stóradóms var stór glæpur.

Sögurnar *Selmatseljan* og *Ljúflingsmál* eru einnig ólíkar. *Selmatseljan* yfirgaf barnið sitt til huldumannsins við fæðingu en bóndadóttirin í *Ljúflingsmálum* bjó í heimi manna með barninu þar til það var fullorðið og svo fór hún til álfheima. *Selmatseljan* sagði sína sögu en var samt ekki dæmd af sveitafólki og var ennþá hluti af þeirra samfélagi, giftist manni og stýrði heimilinu. Stúlkunni í *Ljúflingsmálum* var hins vegar refsað og dæmd af öllum einnig foreldrum sínum. Segja má að báðar stúlkurnar væru óhamingjusamar á sinn hátt. Önnur var lögð í einelti með átakanlegum orðum annarra og hinni var refsað í þögn í hjarta sínu því að þrátt fyrir að enginn dæmdi hana var hún alltaf sorgmædd og óhamingjusöm.

3.1.3. *Kötludraumur*

Önnur saga úr safni Jóns Árnasonar sem er bæði lík og ólík sögunum sem fyrr voru nefndar er sagan *Kötludraumur*⁶⁵. Sagan fjallar um konu sem hafði orðið þunguð eftir draum hennar um huldumann. Hún svaf í nokkra daga og eftir að maðurinn hennar kom aftur heim af þingi sagði hún honum sögu sína. Í draumi var Katla heimsótt af álfkonu sem hét Alvör. Þær fóru saman í álfheima. Kötlu þótti bústaður þeirra mjög fagur því að allt var úr gulli. Þar var tekið vel á móti henni, hún fékk vín að drekka og falleg föt úr

⁶⁵ Kötludraumur I:59-63 í Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri.

gulli. Álfkonan tók hana svo til skála síns þar sem lá maður að nafni Kári. Alvör neyddi hana til að sofa hjá Kára en sagðist Katla ekki ætla að fá neitt fé frá þeim. Svo varð hún ólétt af völdum huldumannsins. Huldumaðurinn lét henni fara aftur til mannheima, gaf henni mikið fé og gersemar og sagði að hún ætti ekki að leyndu neinu. Hann segir henni hvað eigi að nefna barn þeirra og að hún, Már og barnið geti búið við skálann hans þar sem verða féþúfur þeirra. Hún gerði eins og huldumaðurinn bað og sagði Má, manni sínum, frá. Hann sætti sig svo við það sem hafði gerst og kallaði sig föður drengsins. Þau áttu saman þetta barn, voru hamingjusöm og áttu svo góða sambúð.

Í þessari sögu er tvennt að athuga. Fyrst og fremst fjallar sagan augljóslega um kynferðisbrot. Það er hægt að túlka söguna á þann hátt að aðalpersóna sögunnar hafði orðið fyrir kynferðisofbeldi í raunveruleikanum. Sögur af þessari gerð gætu hafa verið notaðar sem leið til að vinna úr hræðilegum atburðum. Eins og gerist í nútímanum voru konur fórnarlömb kynferðisofbeldis. Til að finna leiðir til að takast á við það sem hafði gerst hafði Katla sifið í nokkra daga án þess að tala við nokkurn. Einnig hafi hún búið til sögu um að henni hafi verið nauðgað af huldumanni svo að það gat kannski verið auðveldara til að berjast gegn sorglegum tilfinningum sínum. Þess konar sögur gætu haft það hlutverk að sýna samúð og vorkunn með fórnarlömbum kynferðisofbeldis og hjálpa þeim að takast á við sína reynslu. Þær hjálpuðu einnig að flýja í fantasíu frá kúgun. Annars vegar gætu þær frætt eiginmenn kvennanna um viðbrögð við því sem hafði gerst, hjálpa þeim að setta sig við ástandið, sýna innsæi og virðingu. Í sögunni sætti Már, maður Kötlu, sig við þungunina, kallaði sig svo föður barnsins og sá jafnvel meira um strákinn en móðir hans.

Í þriðja lagi varð hún þunguð af öðrum en eiginmanni sínum sem samkvæmt Stóradómi var ólöglegt. Sagan gæti einnig haft þau skilaboð að boða fyrirgefningu fyrir brot í hjónabandi og afstaða Mús til barns Kötlu er besta dæmið um fyrirgefningarbón.

Með þessari sögu koma þau skilaboð að ekki allar sögur um ástir huldumanns og mennskra konu séu rómatískar og hamingjusamar. Einnig má velta fyrir sér hvort í sögunum um *Selmatselju* og *Ljúflingsmál* sé fjallað í raun og veru um menn eða álfa. Gera má ráð fyrir að í þessum báðum sögum séu álfar líka notaðar til að fela samband með öðru manni án hjónabands því að auðveldara er að kenna álfum börn en öðrum sveitamönnum.

3.1.4. *Karitas í Búðardal*

Sagan sem einnig endar ekki vel og er alls ekki rómantísk er fyrsta sagan í undirflokki *Huldufólk leitar lags við mennskar manneskjur* í safni Jóns Árnasonar og heitir *Karitas í Búðardal*⁶⁶. Hún er örstutt saga og fjallar um konu sem huldumaður vildi nema burt með sér. Hún hafði sært hann með hníf og eftir þetta var fólk að verja hana fyrir hefnd huldumannsins. Þremur árum seinna, þegar stúlkan sem var með henni í seli skildi hana eftir eina, kom móðir huldumannsins og hefndi sonar síns. Stúlkan veikist svo og varð aldrei heil aftur.

Í þessari sögu er hægt að sjá mjög líkan boðskap og í sögum um karla og álfkonur. Stelpa neitaði því að fara með huldumanninum og var refsað fyrir það. Myndarlegir huldumenn eiga auðvelt með að fá ást frá mennskum konum eins og í sögunum *Selmatseljan* eða *Ljúflingsmál*. Hins vegar ef konur eru á móti þeim og neita athygli þeirra er þeim refsað fyrir það eins og í þessari sögu.

Margar álfasögur fjalla um tilfinningar kvenna og í þeim „renna saman raunverulegar tilraunir kvenna til að kenna huldumönnum um börn sín á dögum Stóradóms, sem kvað á um refsingar og líflát við þeim voðalega glæp að eiga barn utan hjónabands“.⁶⁷ Hægt er að segja að þetta væru draumar um ást og fagra æsku í selinu áður en konur fengu það ábyrgðarhlutverk að verða húsfreyjur á stóru heimili. Í sögunni *Ljúflingsmál* hefur stúlkan upplifað einelti og kúgun frá sveitafólki og fjölskyldu. Hægt er að hugsa að í sögum eins og *Selmatseljan* yfirgáfu stúlkur börnin sín vegna þess. Þær vildu ekki verða fyrir einelti og jafnvel deyja, svo þunguninni og fæðingunni var haldið leyndri. Í sögunni *Kötludraumur* hins vegar samþykkti maðurinn barn Kötlu svo að hún yrði ekki fyrir skoðunum annarra og væri ekki dæmd af öðrum fyrir að eignast föðurlaust barn. Sögurnar þjónuðu líka því hlutverki að fræða ungar stúlkur um mikilvægi þess að brjóta ekki ekki af sér í hjónabandi og að eignast ekki börn fyrir giftingu. Sagan eins og *Kötludraumur* hins vegar varð til þess að hjálpa konum að berjast við tilfinningar eftir hræðilegan atburð eins og nauðgun og flýja raunveruleikann.

⁶⁶ *Karitas í Búðardal* I:58 í Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri.

⁶⁷ Gísli Sigurðsson 1996:433

3.1.5. *Álfafólkið í Loðmundarfirði*

Hefðbundin ímynd kvenna í bændasamfélagi og viðhorf þess á réttri og rangri hegðun kvenna er kynnt ítarlega í sögunni *Álfafólkið í Loðmundarfirði*⁶⁸. Í sögunni er hegðun kvenna sýnd frá tveimur ólíkum sjónarhólum - fyrst og fremst frá sjónarhóli vinnustúlkunnar og á hinn bóginn frá sjónarhóli bóndakonunnar. Á jólanótt var vinnustúlkan ein heima eftir þegar huldufólk heimsótti hana. Hún var góð við börnin þeirra og hafnaði athygli ljúflings sem reyndi að stunda kynlíf með henni. Hún var verðlaunuð af álfkonunni fyrir það og fékk falleg föt. Ári síðar vildi bóndakonan verða ein eftir heima á jólanótt af því að hún vildi líka fá falleg föt. Bóndakonan á hinn bóginn hagaði sér á öfugan hátt vegna þess að hún hélt að vinnustúlkan hefði hagað sér líka þannig. Hún var vond við börnin þeirra og stundaði kynlíf með huldumanninum. Þegar huldukonan kom varð hún reið yfir hegðun konunnar og refsaði henni með því að leggja álög á hana. Hún hagaði sér öðruvísi en stúlkan gerði árið á undan og lætur lífið þess vegna.

Til að koma boðskap sögunnar til skila eru settar saman tvær andstæður – hegðun vinnustúlkunnar og svo bóndakonunnar. Í þessari sögu vill bóndakonan öðlast sömu lífsreynslu og vinnustúlkan og fá verðlaun fyrir það. Hegðun beggja kvennanna er því miður ólík og gegnir í sögunni uppeldishlutverki. Sagan miðast við rétta og ranga hegðun kvenna, lýsir því hvernig konur eigi að haga sér og að mennta næstu kynslóðir um siðferðislega hegðun. Konur áttu að vera góðar við börn, ekki vera í kynferðislegum samböndum utan hjónabands og jafnvel ekki stunda kynlíf með öðrum mönnum. Fyrir að haga sér siðsamlega voru þær verðlaunaðar í lífi sínu en hins vegar ef þær höguðu sér illa biðu þeirra slæmar afleiðingar. Sagan sýnir glögglega hvaða kostir konum hafi þótt til fyrirmyndar í íslensku sveitasamfélagi þegar sögurnar voru ritaðar.

Allar sögur sem komu fram í þessum undirkafla mætti kalla varnaðarsagnir. Þær hafa það hlutverk að fræða fólk um vissar aðstæður sem það gæti upplifað í daglegu lífi og jafnvel varað fólk við afleiðingum sem fylgja slæmri hegðun. Sagan um vinnustúlku og bóndakonu fjallar um guðsótta og góða siði og hægt er að túlka þessa tegund sagna sem verndun gegn freistingum heimsins. Ástarsambönd ljúflinga og kvenna hafa frekar ólíkan boðskap en sögurnar um ástarsambönd álfkvenna og manna en ekki í öllum

⁶⁸ *Álfafólkið í Loðmundarfirði* 3 bindi III:182-83 í Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri.

tilfellum. Út frá þessum sögum fá konur þau skilaboð að þær megi ekki taka frumkvæði í ástarmálum sem myndi einungis leiða til ills, oftast til dauða konunnar. Konur eigi að standast freistingar og haga sér siðsamlega. Hins vegar líkt og í sögum um álfkonur og menn að ef konur neita ástarmálum og haga sér siðsamlega eins og *Karítas í Búðardal* er þeim líka refsað eins og mönnum þegar þeir neita sambandi við álfkonur. Í báðum tilfellum enda samskipti við álfa ekki vel og í öllum áður nefndum sögum er fólk varað við álfum.

3.2. Karlasögur

Sögur um ástir álfkvenna og manna eru að nokkru leyti öðruvísi og fylgir þeim ólíkur boðskapur. Karlmennt máttu njóta frjálsra ásta með álfakonunum til að undirbúa sig fyrir hjónabandið í framtíðinni. Þessar sögur grundvallast oftast á því að sanna karlmennsku.⁶⁹ Ef mönnum gengur ekki að sanna karlmennsku sína eða neita álfkonunum um ást sína þá hefur það slæmar afleiðingar. Karlar gátu leyft sér hluti sem konur gátu aðeins látið sig dreyma um. Uppeldishlutverk þessara sagna er augljós. Karlar áttu að vera klókir og harðir í horn að taka og reiðbúnir að taka dálitla áhættu. Konur áttu hins vegar að vera óvirkar, barngóðar, þrífarnar, vinnusamar, trúræknar og aldrei hafa verið með öðru manni en sínum eigin. Í ástum huldukvenna og mennskra manna eru það alltaf þær sem eiga frumkvæðið og áherslan er á hinn líkamlega þátt. Álfkonur eru oftast að eltast við karlmennina og refsa þeim ef þeir neita að hlýða þeim.⁷⁰ Í þessum undirkafla verða skoðaðar sögur um menn sem vildu alls ekki að njóta frjálsra ásta heldur höfðu neitað athygli álfkvenna og verið refsað fyrir það.

3.2.1. Ólafur Liljurós

Danskvæði *Ólafur liljurós* frá 16. og 17. öld er eitt dæmi þar sem maðurinn hafði neitað kynferðislegu sambandi við álfkonu. Kvæðið fjallar um riddarann Ólaf sem hittir álfkonu á ferð sinni. Álfamærin reyndi að tæla hann með fallegum gjöfum en hann hafði neitað henni. Í kvæðinu kemur fram megin ástæða neitunarinnar og það er kristin trú:

⁶⁹ Ólína Þorvarðardóttir 1995:15

⁷⁰ Guðrún Bjartmarsdóttir 1982:335

„Eg vil ei með álfum búa,[...] heldur vil eg á Guð minn trúa.“⁷¹ Með neituninni komu slæmar afleiðingar. Álfamærin reiddist og refsaði honum með því að drepa hann. Hún særði Ólaf banasári og stuttu eftir komu hans til móður sinnar dó hann. Áður en hann dó sagði hann móður sinni hvað hefði gerst „Mér tjáir ekki að dylja þig, [...] álfamærin blekkti mig.“⁷²

Afstaða áhrifamikilla kristinna manna til huldufólks á 16. og 17. öld var margs konar. Fyrst og fremst var horft á álfa eins og á guðlaust fólk sem birtist mönnum hvenær sem það vill vera viðsjárvert. Einnig var þeim lýst sem blöndu anda og dýra. Ennfremur trúði fólk að huldufólk væru blekkingar og sjónhverfingar frá djöflinum. Samkvæmt þessu voru álfar af djöflakyni sem voru sendir til þess að hrella Guð og gleðja djöfullinn. Í stuttu máli voru öll samskipti álfa á þeim tíma tákn fyrir baráttu milli góðs og ills, Guðs og djöfuls.⁷³ Þetta passar einnig við aðrar sögur. Í þjóðsögum um uppruna álfa sem komu fram í þessari ritgerð sjáum við tengingu Guðs við álfa þar sem Guð felur þá frá mönnum. Auk þess er horft á álfa í þessum sögum sem einhverja óhreina og úr mold sem geta tengt við álfana illu sem í Snorra-Eddu bjuggu í jörðu og voru vondir og jafnvel við djöfullinn.

Hlutverk sögunnar í þessu tilfelli er að hvetja fólk til að lifa samkvæmt kristinni trú, sýna mikilvægi þess að virða reglur sem kristin trú nefnir og vera Guði trú. Auk þess var reynt að hvetja fólk til að forðast lygar djöfulsins sem tekur á sig margar myndir eins og huldukonur og ljúflinga.

3.2.2. Huldukonan og bóndinn á Vöglum

Saga sem er nokkuð lík sögunni um Ólaf liljurós er sagan sem heitir *Huldukonan og bóndinn á Vöglum*⁷⁴. Sagan segir frá tveimur mönnum, gömlum og ungum. Á hverju laugardagskvöldi fór gamli maðurinn út og enginn vissi hvert. Yngri maðurinn bað um að fara með honum og þeir fóru saman að einum hól eða kletti sem var heimili tveggja álfkvæna. Gamli maðurinn svaf svo með eldri álfkonunni en yngri maðurinn á hinn bóginn var feiminn við huldukonu og gat ekki sannað karlmennsku sína með henni. Hann hrinti henni frá sér þegar þau sváfu í sama rúmi og sló hana. Hún refsaði honum

⁷¹ Kvæði af Ólafi liljurós, Íslensk fornkvæði I, bls. 24–28; AM 147 8vo, bl. 14r–16v

⁷² Kvæði af Ólafi liljurós, Íslensk fornkvæði I, bls. 24–28; AM 147 8vo, bl. 14r–16v

⁷³ Loftur Guttormsson 2000:270-271

⁷⁴ Huldukonan og bóndinn á Vöglum 3 bindi III:123 í Íslenskar þjóðsögur og ævintýri.

með því að gera hann veikan sem dró hann svo til dauða. Vinnumanninum hafði eins og Ólafi liljurós verið refsað fyrir neitun sína. Gamli maðurinn hins vegar var í ástarsambandi við gömlu álfkonuna, fór hann þangað reglulega og var frekar ánægður með það.

3.2.3. *Snotra álfkona*

Önnur saga sem er einnig gott að nefna er sagan sem heitir *Snotra álfkona*⁷⁵. Hún hefur annan boðskap en sagan um Ólaf Liljurós og mennina tvo. Í sögunni vildi álfkonan ekki vera í ástarsambandi við mennskan mann heldur var það ákveðið fyrir hana með því að nota töfra og setja álög á hana. Hún gat farið til álfheima aðeins um jólanótt, á þeim tíma þegar álfar geta auðveldlega ferðast milli heima. Leiðin í álfheima í þessari sögu er áhugaverð. Álfkonan setti silkislæðu á höfuð sér og stakk sér í sjóinn. Þannig kom hún á grænt tún sem var heimili álfa. Til að létta álögunum átti mennskur maður að fara á eftir henni til álfheima og sjá þar bústað hennar. Það hafði gerst þegar sauðamaður frá bænum fór á eftir henni þessa jólanótt. Hún er gift bæði í mannheimi og álfheimi og þegar hún fær að velja velur hún álfana. Hún átti nú þegar mann sem var kóngur í álfheimum og gat núna farið til baka til hans. Hún þurfti ekki að giftast í mannheimi samt giftist hún mennskum manni. Hugsanlega sá hún ekki leiðina til baka því að álögin voru svo sterk og vildi eiga eðlilegt líf. Hins vegar hafði hún von um að maðurinn hennar mundi taka álög frá henni með því að fara á eftir henni til álfheima. Einnig er mögulegt að hún vildi líta út eins og venjuleg kona en ekki sem álfkona. Hún yfirgaf mennska manninn sinn og vissi að hann mundi deyja ungur vegna þess að hann mundi sakna hennar. Hún bað sauðamanninn að taka dóttur sína í fóstur eftir dauða bónda síns.

Þessi saga hefur ólíkan boðskap vegna þess að í henni tók álfkonan ekki frumkvæði í ástarmálum. Hún neyðir hann ekki til að elska sig heldur voru álög sem sögðu að hún ætti að vera í mannheimi. Hún var glöð að fara aftur heim til sín því það var það eina sem hún hafði alltaf hugsað um. Hún skildi einnig dóttur sína eftir í mannheimi. Í sögunni birtist einnig töframáttur sem kom líka fram í sögunni um Ólaf liljurós og *Huldukonan og bóndinn á Vöglum* en í þessu tilfelli voru álög ekki notuð

⁷⁵ Snotra álfkona 3 bindi III:162-63 í Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri.

gegn mennska manninum heldur álfkonunni. Segja má þá að líf í mannheimi geti líka verið einhverskonar refsing fyrir álfa.

3.2.4. *Rauðhöfði*

Sagan *Rauðhöfði*⁷⁶ segir einnig ólíka sögu. Í sögunni hafði maður verið á geirfuglaveiðum. Það var leitað að honum en fannst hann hvergi þar til næsta ár. Hann bjó allan þennan tíma hjá álfum og þeir tóku vel móti honum. Hann var í ástarsambandi við huldukonu og varð hún ólétt. Maðurinn vildi snúa heim og fékk leyfi til þess en þurfti samt að lofa að færa barnið til skírnar. Þegar tími var kominn til að skíra barnið kom álfkonan með barnið og lét það vera fyrir utan kirkju. Enginn maður vill kannast við að vera faðir barnsins. Presturinn spurði manninn ítarlegra en aðra því að hann hafði verið burt í langan tíma. Hann neitar öllu og segist ekki vita neitt um þetta. Í lok sögunnar kemur álfkonan fram býsna reið og settur álög á hann að hann myndi verða illhveli í sjó og sökkva mörgum skipum.

Þessi saga endurspeglar áhyggjulaus ástarsambönd manna án þess að hugsa um afleiðingar sem gætu orðið. Menntóku ekki ábyrgð á gjörðum sínum og var refsað fyrir það. Segja má að saga þessi væri hugsuð til fræða menn til að taka ábyrgð og gera upp við sig hvort þeir ætli að feðra barn sitt eða ekki. Hún gegnir menntunarhlutverki fyrir menn sem taka ekki ábyrgðina fyrir frjálsar ástir. Í gamla sveitasamfélaginu áttu föðurlaus börn ásamt mæðrum sínum í miklum erfiðleikum svo það að kannast við faðerni sitt var mjög mikilvægt. Í sögunni koma einnig álög eins og í öðrum karlasögum og sagan endar illa. Sagan fjallar einnig um rétta og ranga hegðun manna gagnvart konum og frjálsum ástum. Sagan gæti hafa haft áhrif á og stýrt athöfnum manna gagnvart konum og börnum þeirra sérstaklega á tímum Stóradóms.

⁷⁶ Rauðhöfði I:82-85 í Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri.

3.3. Samanburður

Í kvennasögum dreymir konurnar „um ást, falleg föt, góðan mann og sómasamlegt gjaforð og hafa ekkert á móti því að ná sér niðri á vondum húsfreyjum og kvennabósum í leiðinni. Í karlasögum fléttast hins vegar saman draumar um holdlegar ástir og óttinn við þær kröfur sem þeim fylgja, bæði að því er varðar kyngetu og ábyrgð á afleiðingum“⁷⁷

Konur áttu þá ástmann sem sýndi þeim virðingu, ástúð og skilning sem mennski bóndinn gerði ekki. Rómantískar ástir leiddu oft til þungana kvenna og þær þurftu svo að takast á við viðhorf samfélagsins eða láta barnið í álfheima sem leyndarmál. Hins vegar tilfinningar sem fylgdu sambandi við huldumenn voru alltaf til í dýpi sálarinnar en í raunverulegri veröld gátu þær ekki tekið frumkvæði í ástarmálum. Það leiddi yfirleitt til óhamingjunnar. Hins vegar ef konur neituðu huldumönnum leiddi það til refsinga eins og í karlasögum. Hlutverk kvennasagna var að kenna stúlkum rétta hegðun, koma afleiðingum þess að eiga föðurlaust barn utan hjónabands og meira að segja afleiðingum þess að stunda kynlíf fyrir utan hjónabands á framfæri og vera trú manni sínum. Hins vegar sagan eins og *Kötludraumur* þjónaði því hlutverki að fræða eiginmenn kvenna um kynferðisofbeldi, viðbrögð við því sem hafði gerst, hvernig ætti að hjálpa konum að setta sig við ástandið, sýna innsæi og virðingu. Sagan um *Karítas í Búðardal* er hins vegar öðruvísi en aðrar sögur því að stúlkan hafði neitað athygli ljúflinga en hún gæti haft þá merkingu að öll sambönd við álfa séuvond og endi illa. Best er að halda sig frá þeim og ekki hafa samskipti við þá.

Karlasögur sem komu fram í þessum kafla á hinn bóginn leiddu einnig til ills og refsingar, annars vegar ef menn neituðu athygli álfkonu og hins vegar ef þeir tóku ekki ábyrgðina á hegðun sinni. Sögur um áhyggjulausar ástir eru ætlaðar mönnum til fróðleiks um að hegða sér vel, taka ábyrgð og gera upp við sig hvort þeir ætli að feðra börn sín eða ekki. Mjög áberandi er hversu ólík viðhorf samfélagsins eru í karla- og kvennasögum. Ef kona eignaðist barn án þess að geta feðrað það var það stór glæpur og konur gátu þurftu að borga fyrir það með lífi sínu. Karlar hins vegar gátu átt ástkonur án þess að nokkur vissi, eignast börn og sloppið við afleiðingarnar. Þeir þurftu ekki hafa áhyggjur af börnum og konum sem voru skildar eftir með enga aðstoð og sem horft var

⁷⁷ Guðrún Bjartmarsdóttir 1982:335

á með dómhörðum augum samfélagsins.

Þegar á allt er litið falla sögur um ástir álfa og manna í raun og veru undir öll fjögur hlutverk sem William Bascom skilgreindi. Í karlasögum og kvennasögum blandaðist saman uppeldishlutverk og óskhyggja. Með sögunum var hægt að flýja veruleikann og hleypa út ýmsum tilfinningum og ótta. Meginhlutverk þessara sagna út frá öllum dæmum sem komu fram í þessum kafla er að þær áttu að mennta og fræða fólk um ýmiskonar ástand sem gat átt sér stað í lífinu. Auk þess juku þær trú fólks, fjölluðu um siðferðislega hegðun og sýndu hvaða hegðun þótti til fyrirmyndar í gömlu íslensku samfélagi. Síðast en ekki síst var með þessum óskrifuðum „lögum“ auðveldara að stjórna fólki og stýra samfélaginu.

Lokaorð

Íslenskar þjóðsögur endurspeglar anda og sálu íslensku þjóðarinnar. Þær eru stór hluti af menningu Íslendinga. Fyrst og fremst gefa þær tækifæri til að ímynda sér gerð gamla samfélagsins. Þær benda að einhverju leyti á það hvernig líf og menning var á þeim tíma þegar þær voru sagðar. Gegnum árin voru þær geymdar aðeins í munnmælum en lifðu í þjóðinni sjálfri þar til kerfisbundin söfnun hófst á Íslandi. Með innblæstri frá rómantíkinni var þeim safnað saman og sögurnar sjálfar voru mikilvæg rök fyrir Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni. Þær byggðu upp sjálfstraust og þjóðernishyggju meðal Íslendinga og vöktu von um að Ísland gæti orðið sjálfstætt land.

Úr íslenskum þjóðsögum kynntumst við „ósýnilega nágretta“ okkar – álfum sem bjuggu í hliðstæða heiminum sem var í hólum og klettum. Samskipti mannfólks og huldufólks var ýmiskonar. Í sögum koma fram álfar sem eru ýmist góðir eða vondir, álfar sem eru í rómantískum ástarsamböndum með mennskum mönnum, álfar sem breyttu sér í líki mennskra barna til að ræna þeim, álfar sem hjálpa mönnum og einnig sem biðja menn um hjálp og álfar sem vernda heimili sín og geta sett álög á menn sem virða ekki reglur þeirra.

Í ritgerðinni var leitast við að finna svör við spurningunum: *Hvaða hlutverki þjónuðu sögur um samskipti álfa og manna í gömlu íslensku sveitasamfélagi? Hvert var viðhorf samfélagsins til ástarsambanda álfa og manna? og síðast en ekki síst hvernig ímynd kvenna birtist í sögum um ástir álfa og manna?*

Út frá öllum þessum sögum er hægt að finna áhugaverðan boðskap og mikilvæg skilaboð handa mönnum. Kenningar William Bascoms um hlutverk þjóðsagna endurspeglar að mínu mati íslenskar álfasögur. Ástarsögur álfa og manna höfðu það hlutverk að leyfa fólki að flýja frá kúgun og hversdagsleika í heim fantasíu þar sem fólk gat fundið rómantíska ást, elskhuga og frelsi. Einnig gátu ástarsögur stjórnað hegðun fólks og haft áhrif á það. Meðal annars út frá þeim kemur í ljós hvaða viðhorf samfélagið hafði á hefðbundna ímynd kvenna. Konur áttu að vera góðar við börn, vinnusamar, vera ekki í kynferðislegum samböndum utan hjónabands og eiga ekki föðurlaus börn. Þessar sögur sýna siðferðilega hegðun og kosti sem þótti til fyrirmyndar í íslensku samfélagi.

Í öðru lagi höfðu sumar sögur menntunar- og uppeldis hlutverk. Sögur um umskiptinga áttu að fræða fólk um fötlun barna á þeim tíma áður en læknisfræðin kom með sínar skýringar. Þær höfðu einnig barnaverndarsjónarmið í huga og áttu að fræða fólk um að passa börnin sín vel og vernda þau frá ókunnugum. Sögur um álagabletti þjónuðu hlutverki náttúruverndar. Þær áttu að leiðbeina fólki um að sýna náttúrunni virðingu, umhverfinu og jafnvel nágrönnum þess líka. Sögur um góðar og vondar hliðar huldufólks áttu að fræða fólk um að stunda góðmennsku, sýna öðrum hjálpssemi og tillitssemi.

Þegar á allt er litið voru álfasögur ekki aðeins ætlaðar mönnum til skemmtunar á kvöldvökum í baðstofum sveitabæja. Þær innihéldu mikilvægar reglur til að leiðbeina mönnum í lífi þeirra. Þær þjónuðu því hlutverki að stjórna, hafa áhrif á og stýra lífi fólks frá barnæsku og gegnum fullorðinsárin. Þær voru táknið um óskrifuð „lög“ samfélagsins á þeim tíma og þeir sem fóru eftir þessum reglum var verðlaunað í lífi sínu og þeir sem fóru hins vegar ekki eftir þeim voru dæmdir til eilífðar óhamingju og ógæfu.

Heimildaskrá

- Árni Björnsson. 1996. Hvað merkir þjóðtrú? *Skírnir. Tímarit hins íslenska bókmenntafélags* 170, Vor:79-104.
- Bascom, William R. 1954. Four Functions of Folklore. *The Journal of American Folklore* 67, 266:333–349.
- Bryndís Björgvinsdóttir og Svala Ragnarsdóttir. 2018. *Krossgötur: Álfatrú, álfabyggðir og bannhelgi á Íslandi*. Bjartur, Reykjavík.
- Eva Þórdís Ebenezersdóttir. 2010. „Umskiptingur edur ei ... Umskiptingasagnir í nýju ljósi“ BA ritgerð í þjóðfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/6813/1/Umskiptingur%20e%c3%b0ur%20ei.pdf>
- Fagg, William og Fortes Meyer. 1981. Obituary. *William R. Bascom*. Sótt af <https://therai.org.uk/archives-and-manuscripts/obituaries/william-r-bascom>
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. 1988. Ást og hjónaband fyrr á öldum. Um ástina og hjónabandið í erlendum sagnfræðirannsóknum og íslensku samfélagi 1780-1900. *Saga og samfélag, Þættir úr félagssögu 19. og 20. aldar* 2,1:76-87.
- Gísli Sigurðsson. 1996. Þjóðsögur. *Íslensk bókmenntasaga III*, bls.407-494, Ritstj. Halldór Guðmundsson. Mál og menning, Reykjavík.
- Guðrún Bjartmarsdóttir. 1982. Ljúflingar og fleira fólk. Um formgerð, hugmyndafræði og hlutverk íslenskra huldufólkssagna. *Tímarit máls og menningu* 3:319-336.
- Gunnar Þór Bjarnason og Margrét Gunnarsdóttir. 2004. *Íslands- og mannkynssaga NB II. Frá lokum 18. Aldar til aldamóta 2000*. Nýja bókafélagið. Reykjavík
- Íslenska alfræðiorðabókin. 2000. Ritstj. Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir. Örn og Örlygur, [Reykjavík]
- Jón Árnason. 1954. *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, 1. bindi. (Ný útgáfa). Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfu. Reykjavík.
- Jón Árnason. 1954. Formáli, 1. bindi. (Ný útgáfa). Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfu. Reykjavík.
- Jón Árnason. 1954. *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, 3. bindi. (Ný útgáfa). Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfu. Reykjavík.
- Jón Hnefill Aðalsteinsson. 1989. „Þjóðsögur og sagnir“. *Íslensk þjóðmenning*, VI. bindi. bls.228-290. Ritstj. Frosti F. Jóhannesson. Reykjavík..

- Kvæði af Ólafi liljurós. 1962. Íslensk fornkvæði. *Íslandske folkeviser I*. Jón Helgason gaf út. Kaupmannahöfn. Sótt af <https://bragi.arnastofnun.is/ljod.php?ID=2328>
- Landsbókasafn Íslands- Háskólabókasafn. 2019. Jón Árnason 200 ára afmæli. Sótt af https://landsbokasafn.is/uploads/Syningar/syningarskrar/Jon_Arnason_skra.pdf
- Loftur Guttormsson. 2000. *Kristni á Íslandi. Frá siðaskiptum til upplýsingar*. III.bindi. Ritstj. Hjalti Hugason. Alþingi, Reykjavík.
- Lüthi, Max. 1986. *The European Folktale. Form and nature*. John D. Niles Þýddi. Indiana University Press, Bloomington Indianapolis.
- Már Jónsson. 2004. Hvað er Stóridómur? *Vísindavefurinn*. Sótt af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=4476>
- Ólína Þorvarðardóttir. 1995. *Íslenskar þjóðsögur: Álfar og tröll*. Bóka- og blaðaútgáfan sf., Reykjavík.
- Páll Valsson. 1996. Rómantíska stefnan. *Íslensk bókmenntasaga III*, bls.253-270, Ritstj. Halldór Guðmundsson. Mál og menning, Reykjavík.
- Romina Werth. 2021. *Andlit á glugga. Úrval íslenskra þjóðsagna og ævintýra með skýringum*. Fræðilegur inngangur og millikaflar. Mál og menning, Reykjavík.
- Snorra-Edda*. 2020. Guðrún Nordal annaðist útgáfuna. 4.prentun. Bjartur, Reykjavík.
- Terry Gunnell. 2007. How elvish were the álfar. *Constructing nations, reconstructing myth: essays in honour of T.A. Shippey*. Ritstj. Andrew Wawn. Turnhout og Brepols: Abingdon og Marston distributor, Belgium.
- Terry Gunnell. 2018. „The Power in the Place: Icelandic Álagablettir Legends in a Comparative Context“. *Storied and Supernatural Places: Studies in Spatial and Social Dimensions of Folklore and Sagas*. Bls. 27-41. Ritsj. Ülo Valk og Daniel Sävborg. Studia Fennica Folkloristica 23, Helsinki.
- Valdimar Tr. Hafstein. 1998. Respekt fyrir steinum: Álfatrú og náttúrusýn. *Rannsóknir í Félagsvísindum II*, bls. 327-336, Ritstj. Friðrik Jónsson. Háskólaútgáfan, Reykjavík.